



Skipulag skólastarfsins í 8. – 10. bekk



Upphaf skólastarfs í 8. – 10. bekk

Allir árgangar unglíngadeildar eru í upphafi skólaársins kallaðir á sal þar sem skólastjórnendur fara yfir skipulag og helstu áherslur í skólastarfinu, námsmat og hvað er á döfinni. Þá kalla stjórnendur til svipaðra hópfunda, í kjölfar skólaásetningar, með foreldrum nemenda. Umsjónarkennarar eru viðstaddir þá fundi, auk námsráðgjafa, og svara þeir, ásamt skólastjórnendum, spurningum foreldra í lok fundarins. Í umsjónartímum er síðan farið nánar yfir skipulag og áherslur skólastarfsins, skólareglur o.s.frv., auk þess sem skólahúsnæðið er kynnt fyrir nýjum nemendum.

Lögð er áhersla á að fyrstu skóladagana séu umsjónarkennarar og sérgreinakennarar í miklu samstarfi um skipulag skólastarfsins í 8. – 10. bekk, skapi saman heildarmynd af skólastarfinu og leggi sameiginlega línurnar varðandi utnumhald og aga.

Umsjónarkennarar þurfa að fylgjast afar vel með skólabyrjun nemenda sinna og leysa úr þeim málum sem upp kunna að koma. Umsjónarkennarar þurfa til að mynda að ræða sérstaklega við nemendur um stundatöflurnar þeirra, sem eru einstaklingstöflur, og ganga úr skugga um réttan tímafjölda hvers nemanda. Hver nemandi á unglíngastigi á að vera með sem nemur 37 kennslustundum á viku nema eitthvað annað hafi áhrif. Þá ræða umsjónarkennarar einnig um nesti, sem nemendur eru hvattir til að koma með að heiman dag hvern, og hvar á að neyta þess. Þá þurfa nemendur að vita hvaða reglur gilda í unglíngadeildinni um frímínútur.

Afar nauðsynlegt er að ræða um skólareglur á víðum grunni, jafnt heima sem og í skólanum, en einnig um umgengni í kennslustofum og á göngum skólans. Sérstaklega þarf að ræða við nemendur um flokkunarmálin, því það að vera grænn skóli krefst ákveðinna hluta af öllum þeim sem við skólann starfa. .

Fara þarf ítarlega yfir það með nemendum hvert skal leita ef upp koma vandamál í skólastarfinu og hvernig samskiptum allra aðila innan skólans skal háttað, en þau eiga að grundvallast á kurteisi og virðingu. Árgangasáttmáli er nauðsynlegur þáttur við upphaf skólastarfsins og þarf hann strax að verða sýnilegur nemendum og foreldrum þeirra.

Ytra skipulag

Hverjum árgangi er skipt upp í fjóra hópa og er umsjónarkennari með hverjum hópi. Hóparnir fylgjast að í kjarnagreinunum sex og íþróttum.

Þrátt fyrir slíka hópaskiptingu er lagt upp úr því að nemendur upplifi sig sem hluta af árgangi ekki sem ákveðinn hóp innan árgangsins og því er lögð áhersla á að umsjónarkennararnir vinni saman með árganginn þvert á alla hópa..

Nemendur 8. – 10. bekk eru að mestu leiti á A – gangi en einnig í sérgreinastofum víðsvegar um skólann.

Nemendur í 8. bekk hafa bundið val á sinni stundatöflu en nemendur í 9. og 10. bekk stunda nám í frjálsum vali.

Innra skipulag

Faggreinatengt skipulag.

Virk hópaskipting nemenda og sveigjanlegt fyrirkomulag.

Fjölbreytni í kennsluháttum og virk þátttaka nemenda í náminu.

Námsver þar sem nemendur geta stundað nám í einu eða fleiri námsgreinum.

Mat og eftirfylgni

8. bekkur

Orðarún

Lagt fyrir í október og febrúar

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð fagteymis í íslensku í samstarfi við skólastjórnendur. Íslenskukennarar leggja prófið fyrir í íslenskutímum.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í íslensku í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.

Foreldrar

Niðurstöður lesskilningsprófsins eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor, námsmat – íslenska – Orðarún, en þar kemur heildarstigafjöldi nemenda fram. Sérstaklega er haft samband við foreldra þeirra nemenda sem eru undir viðunandi viðmiðum og rætt um hvernig heimili og skóli geta unnið saman að bættum árangri.

Læsi

Lesfimiþróf lagt fyrir í september - janúar - maí

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólastjórnar og lagt fyrir af kennurum í íslensku.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í íslenskutímum í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.

Foreldrar

Niðurstöður lesfimiþrófanna eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor, námsmat - íslenska - lesfimiviðmið.

Hlutverk foreldra

Lykillinn að góðri lestrarfærni nemenda er stuðningur foreldra við lestrarnámið og góð samvinna við skóla. Lögð er áhersla á daglegan heimalestur þar sem foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur lesi og æfi sig heima. Mikilvægt er að foreldrar séu einnig góðar fyrirmyndir og lesi reglulega fyrir og með börnum sínum.

9. - 10. bekkur

Læsi

Lesfimiþróf lagt fyrir í september - janúar - maí

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólastjórnar og lagt fyrir af kennurum í íslensku.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í íslenskutímum í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.

Foreldrar

Niðurstöður lesfimiþrófanna eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor, námsmat - íslenska - lesfimiviðmið.

Hlutverk foreldra

Lykillinn að góðri lestrarfærni nemenda er stuðningur foreldra við lestrarnámið og góð samvinna við skóla. Lögð er áhersla á daglegan heimalestur þar sem foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur lesi og æfi sig heima. Mikilvægt er að foreldrar séu einnig góðar fyrirmyndir og lesi reglulega fyrir og með börnum sínum.

Almennar skólareglur

1. Samskipti í skólanum grundvallast á gagnkvæmri virðingu, jákvæðni, kurteisi og tillitssemi. Nemendur fari að fyrirmælum starfsmanna skólans.
2. Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að börn þeirra mæti stundvíslega í skólann með þau gögn sem nota skal hvern dag. Foreldrum ber að tilkynna veikindi og leyfi strax að morgni dags að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.
3. Nemendur gangi vel um skólann sinn jafnt innan sem utan dyra.
4. Notkun hjóla, hjólabretta, hlaupahjóra og vélhjóra er ekki leyfð á skólalóðinni á skólatíma. Þessi farartæki eru ekki geymd inni í skólanum heldur þarf að geyma þau við hjólagrindur utandyra. Mælst er til þess að nemendur í 1. – 4. bekk komi ekki á hjólum í skólann.
5. Mynd- og hljóðupptökur eru aðeins leyfðar í skólahúsnæði og á skólalóð Árbæjarskóla á skólatíma með leyfi skólastjórnar.
6. Nemendur komi með hollt og gott nesti að heiman. Við sérstök tilefni geta kennarar heimilað að nemendur komi með annars konar nesti.
7. Nemendum eru hvorki í yfirhöfnum inni í kennslustofu né með höfuðföt.
8. Notkun snjalltækja er óheimil í kennslustundum nema með sérstöku leyfi kennara.
9. Öll neysla matar og drykkja í kennslustofum unglunga, sem og á bókasafni, er óheimil.
10. Nemendur í 1. – 6. bekk eiga að vera úti í frímínútum nema veikindi eða veður hamli útivist. Nemendur eiga að vera á skólalóð á skólatíma.
11. Nemendur eiga ekki að skilja verðmæti eftir í fötum sínum, á göngum eða í búningasklefum. Skólinn tekur hvorki ábyrgð á persónulegum munum nemenda né fjármunum.
12. Reykingar, veip sem og notkun hvers kyns vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
13. Starfsmönnum skólans er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í slíkum tilvikum skal ávallt greina foreldrum frá málavöxtum.
14. Skólareglur Árbæjarskóla og punktakerfi gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

Erlend tungumál.

Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Nemendur öðlist leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum / dönsku er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Hæfni og kunnáttu í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik.

Enskan gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu.

Í vali unglíngadeildar er boðið upp á grunnnám í frönsku, spænsku og þýsku til að gefa nemendum tækifæri til að útvíkka enn frekar þekkingu sína á menningarheimum tungumála þessara svæða.

Grunnpættir menntunar í erlendum tungumálum

Grunnpáttur	Áherslupættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – stuðlar að jákvæðum skólabrag, – sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, – tekur þátt í samvinnuverkefnum, – nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum, – fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra, – tekur tillit til skoðana annarra,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi, – vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar, – vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt, – temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu, – tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir, – nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans, – þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna, – nýtir hæfileika sína og skapar afurð.

Íslenska

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Þá er lestur mikilvægt tæki til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af forsendum fyrir þátttöku í samfélaginu. Markmið íslenskukennslu í grunnskóla er að gera nemendur hæfa til að tjá sig um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Íslenskunámið skiptist í nokkra þætti; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfærði og er unnið með þá eina og sér og í samþættingu innan námsgreinarinnar og við aðrar námsgreinar. Leiðarljósið í kennslu móðurmálsins er að auðga orðaforða nemenda sem birtist jafnt í ræðu þeirra sem riti og vekja þá til umhugsunar um ábyrgð þeirra sem málnotenda. Með umfjöllun um fjölbreytileika tungumála og tvítýngi má auka skilning nemenda á því hve móðurmálin eru mörg í íslenskum skólum og stuðla þannig að umburðarlyndi.

Grunnþættir menntunar í íslensku	
Grunnþáttur	Áhersluþættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – tileinki sér jákvætt siðferði í samskiptum og orðræðu í kennslustundum og utan þeirra, – geri sér grein fyrir heimi netmiðlanna og þeim hættum sem þar búa ef þeir hafa ekki varan á sér í samskiptum og skrifum á netinu,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – vinnur með námsefni og geri verkefni sem höfða jafnt til beggja kynja og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu, – tekur tillit til skoðana annarra,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – sýnir samskiptahæfni, vinnur með öðrum af fullri virðingu og umburðarlyndi og skilur gildi lýðræðislegra vinnubragða, – tekur þátt í samstarfi í hópi á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, – fær tækifæri til að móta og hafa skoðun á því námsefni og áherslum sem unnið er með í skólasamfélaginu,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – vinnur verkefni sem reyna á umhverfislæsi, upplýsingalæsi, miðlalæsi og auglýsingalæsi á fjölbreyttan hátt, – getur lagt mat á trúverðuleika þeirra gagna sem hann vinnur með, – sýnir sjálfstæð vinnubrögð og beitir gagnrýninni hugsun,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – skilur að það eru mismunandi þjóðfélagshópar í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli, – þjálfast í gagnrýninni hugsun á sjálfan sig og samfélagið,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – velur sér réttan miðil og aðferð við að koma hugsunum sínum, skoðunum og vinnu til skila á fjölbreyttan hátt, – fær að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með fjölbreytta útfærslu verkefna.

List- og verkgreinar

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflíð, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vege og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Listir og verkþekking mynda stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Nám í list- og verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. List- og verkgreinar skiptast í tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.

Grunnþættir menntunar í list – og verkgreinum

Grunnþáttur	Áherslupættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, – gengur um áhöld og tæki af ábyrgð og á réttan hátt, – sýnir rétt vinnubrögð og beitir réttum vinnustellingum, – vinnur einstaklingslega og í hóp, nýtir styrkleika sína í félagslegum og jákvæðum samskiptum, – hefur tileinkað og gert sér grein mikilvægi hreinlætis,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum, – fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli, – tekur tillit til skoðana annarra án fordóma,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – hefur val um útfærslur og áherslur í vinnu sinni, – tekur ábyrgð og vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til afurðar, – kemur fram við aðra af virðingu fyrir manngildi hvers og eins, – geri sér grein fyrir margvíslegum tilgangi lista í samfélaginu,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – velur og notar ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna, – tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu, – rökstyður val á leiðum í vinnuferli, – velur og notar á ábyrgan og réttan hátt áhöld og tæki sem henta viðfangsefnum hverjum sinni, – les og vinnur sjálfstætt eftir leiðbeiningum, – gerir sér grein að hægt er að lesa og túlka list og menningu á mismunandi hátt,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – nýtir sér möguleika endurnýtingar með umhverfisvernd og sjálfbærni í huga, – nýtir efnivið á ábyrgan hátt, – gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt, – öðlist færni sem býr þá undir daglegt líf og frekara nám,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – beitir fjölbreyttum aðferðum og tækni við hönnun, útfærslu og úrvinnslu verkefna sinna, – virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leika sér með möguleikana og sýna mismunandi útfærslur, – fær tækifæri til að sýna og nýta hæfileikana sína á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Náttúrufræði

Undir náttúrugreinar heyra meðal annars náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

Þessar greinar fléttast saman og mynda heild sem stuðlar að því að nemendur skynji að þeir séu hluti af náttúrunni. Mikilvægt er að nemendur fái góða þekkingu í náttúrufræði og öðlist hæfni og leikni í að umgangast og njóta náttúrunnar. Þeir fá innsýn á ábyrgð mannsins á umhverfi sínu og mikilvægi góðs samspils hans við náttúru og tækni. Nemendur kynnst leiðum til að efla læsi á umhverfið og fá innsýn í undirstöðupætti sjálfbærrar þróunar. Þeir skynja þar með að umhverfi, velferð, efnahagur og samfélag er órofin heild.

Virðing og ábyrgð hvers og eins á náttúrunni og verndun hennar skiptir höfuðmáli í nútímaþjóðfélagi og nemendur þurfa að geta tekið afstöðu til mála sem koma upp hvað varða náttúruvernd og nýtingu auðlinda.

Nemendur kynnst nokkrum af grundvallarkeningum náttúrufræðinnar til að geta beitt þeim í áframhaldandi náttúrufræðinámi. Með því að ræða um viðfangsefnið eykst skilningur á hugtökum og vísindalæsi í náttúrufræði. Tilraunir hjálpa nemendum að temja sér vísindaleg vinnubrögð. Þannig verður vinna þeirra markvissari og þeir þjálfast í að safna gögnum og túlka þau með hjálp tækja og ýmissa miðla.

Útikennsla gerir nemendum kleift að kynnst náttúrunni. Útíveran vekur upp forvitni nemenda og hjálpar þeim að skilja hana og virða. Þannig opnast augu þeirra fyrir töfrum náttúrunnar og hvernig best er að njóta hennar.

Grunnpættir menntunar í náttúrufræði	
Grunnpáttur	Áherslupættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – getur unnið með öðrum að lausn verkefna, – nýtir eigin styrkleika við vinnu verkefna, – gerir sér grein fyrir eigin ábyrgð á heilsu og velferð með ástundun heilbrigðra lífshátta,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum og áhuga, – getur farið eftir reglum við úrlausn verkefna, – gerir sér grein fyrir að allir menn eru jafnir óháð kyni, kynhneigð og kynþætti, – getur rætt um mikilvægi fjölbreytileika í lífríki dýra, plantna og manna,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – setur sér markmið við hæfi, – getur valið sér verkefni við hæfi og valið úrlausnarform sem honum hentar, – getur tekið afstöðu til álitamála varðandi náttúruna t.d. vegna verndunar og nýtingar náttúruauðlinda, – virðir umhverfi sitt og þær lífverur sem í því búa,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – les í náttúruna og þekkir mikilvæg hugtök hennar, – les texta í náttúrufræði sér til gagns, vinnur með hann og útskýrir, – nýttir hugtök og efni náttúrufræðinnar í daglegu lífi og verkefnum sem hann glímir við, – fær tækifæri til að vinna ólík verkefni með hjálp ólíkra miðla til að auka vísindalæsi sitt,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – getur greint samspil manns og náttúru og mikilvægi náttúruverndar, – þekkir undirstöðupætti sjálfbærrar þróunar og getur nýtt sér hugmyndir sjálfbærni í eigin lífi, – temur sér lífsvenjur sem stuðla að eigin heilbrigði og heilbrigði náttúrunnar,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – sýnir frumkvæði og sjálfstæði við val og vinnu á verkefnum, – sýnir áhuga og er forvitinn um umhverfi sitt og fyrirbæri í náttúrunni, – fær tækifæri til að njóta umhverfisins og styrkja skilning sinn á því.

Samfélagsfræði.

Samfélagsgreinar skiptast í sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, jafnréttismál, heimspeki og siðfræði. Þessum námsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, s.s. réttlæti, frelsi, þekkingu, vináttu, virðingu og ábyrgð.

Markmið samfélagsfræðigreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Hver fræðigrein innan samfélagsgreinanna gegnir ákveðnu hlutverki. Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Lífsleikni, siðfræði og þjóðfélagsfræði gegna einnig mikilvægu hlutverki við að styrkja áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd nemenda.

Með kennslu í samfélagsfræði er nemandinn virkjaður til þátttöku í samfélaginu með gildi og reglur þess að leiðarljósi.

Grunnpættir menntunar í samfélagsfræði

Grunnpáttur	Áherslupættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum, – fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum, – beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, – temur sér gagnrýna hugsun og skoðun, – fræðist um mismunun og forréttindi fólks í viðum skilningi, – tekur tillit til skoðana annarra, – metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausán hátt,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri á velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu, – tekur tillit til skoðana annarra, – kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, – lærir um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði, – tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu, – getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán og gagnrýnan hátt,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – öðlast þekkingu á menningarlæsi s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum, – tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu, – nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu, – nýtir gagnvirkt námsefni,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína, – er virkur og tekur þátt samvinnu,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – nýtir tæknina á skapandi hátt, – virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum, – nýtir hæfileika sína og skapar afurð.

Stærðfræði

Stærðfræði er samofin menningu og þjóðfélagsháttum. Lágmarksstærðfræðikunnátta er hverjum manni nauðsynleg. Við iðkun stærðfræðinnar hefur myndast sérhæft tungumál til að miðla upplýsingum og hugmyndum sem erfitt væri að koma á framfæri á annan hátt.

Þáttur stærðfræði birtist í þörf fólks fyrir að leysa þau verkefni sem upp koma og leita lausna og finna hið óþekkta. Stærðfræðin hefur orðið að alþjóðlegu tungumáli og verkfæri til að miðla upplýsingum og hugmyndum. Hlutverk hennar er að lýsa og túlka viðfangsefni og segja fyrir um framvindu. Stærðfræðin tengist tilraunum manna til að skilja heiminn og gefur dæmi um sköpunargáfu mannsins.

Aukin tölvunotkun kallar á breytta stærðfræðiþekkingu fólks. Mikilvægt er að flestir geti tekið afstöðu og metið upplýsingar af tölulegum toga og þannig orðið að virkum þátttakendum í þjóðfélaginu. Til þess þarf þekkingu og rökvísi og nægilegt sjálfstraust til að beita stærðfræðinni.

Stærðfræðin helst í hendur við náttúruvísindin og er undirstaða framfara í tækni og vísindum. Hún kemur við sögu tónlistar, byggingarlistar og myndlistar. Traust undirstaða í stærðfræði er grundvöllur fyrir allt nám tengt náttúru- og raunvísindum.

Stærðfræðikennsla í grunnskóla þarf að stuðla að því að nemendur tileinki sér það viðhorf að ná góðum tókum á stærðfræði og hæfni í að setja fram og leysa þrautir. Einnig þurfa nemendur að öðlast hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og tungumál stærðfræðinnar til að ræða og færa fram rök fyrir tilgátum, útreikningum og niðurstöðum. Nemendur þurfa að tileinka sér hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni. Nemendur þurfa að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði og hafa trú á eigin getu. Nemendur þurfa að finna að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg í daglegu lífi.

Grunnpættir menntunar í stærðfræði	
Grunnpættur	Áherslupættir í 8. – 10. bekk Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – vinnur í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum og nýtir félagslega styrkleika sína og sýnir jákvæðni í samskiptum, – fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum og áhuga og byggir upp jákvætt viðhorf, – sýnir rétt vinnubrögð og beitir rökréttum vinnuaðferðum, – skipuleggur og útskýrir vinnu sína og er virkur,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – nýtir stærðfræði á fjölbreyttan hátt á eigin forsendum, – temur sér ábyrg og skipuleg vinnubrögð, – tekur tillit til skoðana annarra og kemur á móts við þá í vinnu og vali hópaverkefna,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri á velja verkefni við hæfi og nýtir það með því að hafa áhrif á framvindu þess og útkommu, – vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og tekur ábyrgð, – vegur og metur stærðfræðilausnir á gagnrýninn hátt, – getur aflað upplýsinga/heimilda og notað á rökréttan hátt við lausn stærðfræðiverkefna,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – notar táknmál, hugtök og verkfæri stærðfræðinnar til að setja fram og leysa fræðileg og hverstagsleg vandamál, – getur tjáð sig um veruleikann með hjálp stærðfræðinnar og útskýrt hugsun sína, – nýtir rétta tækni sem hentar þeim stærðfræðiverkefnum sem verið er að vinna, – getur lesið og aflað sér upplýsinga í stærðfræðitextum og leysir stærðfræðiþrautir,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – notar kennslubækur og önnur hjálpargögn stærðfræðinnar við verkefnavinnu, – nýtir sér möguleika hug- og tækjabúnaðar á veraldarvefnum tengdum stærðfræði, – geri sér grein fyrir að stærðfræði er ferli sem hann kemur til með að nýta sér í lífi og starfi,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – nýtir stærðfræði á fjölbreyttan og skapandi hátt, – virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leikur sér með möguleika og sýnir mismunandi stærðfræðiútfærslur, – fær að sýna og nýta hæfileikana sína og skapa fjölbreyttar lausnir, – vinnur samþætt verkefni milli námsgreina og fær þá stærra val um lausnir og útfærslu stærðfræðinnar.

Skólaíþróttir

Megintilgangur skólaíþróttar er að efla líkamlegt og andlegt heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Nemendur fræðast um mikilvægi hreyfingar og heilsuefingar. Þeir kynna fjölbreyttum þjálfunaraðferðum sem auka færni þeirra og þekkingu á eigin líkama. Nám í skólaíþróttum styrkir, stuðlar að og eykur sjálfstraust, betri líkamsvitund og andlega vellíðan.

Gott líkamlegt ástand og markviss hreyfing hefur jákvæð áhrif á námsárangur barna og unglunga. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að tengja saman jákvæð áhrif markvissrar hreyfingar, heilbrigðs lífens og velferðar til framtíðar. Skólaíþróttir skiptast í íþróttir og sund.

Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum	
Grunnþáttur	Áherslupættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – stundar íþróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi, – getur gert gein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífens og jákvæðni áhrif þess á heilsuna, – þekkir ýmsar leiðir hreyfingar til þess að efla eigin heilbrigði og vellíðan, – gerir sér grein fyrir eigin líkamsástandi og þekkir eigin veikleika og styrkleika, – finnur sér hreyfingu við hæfi,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli, – ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsedum, – getur stundað heilsurækt við hæfi án fordóma,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – hefur áhrif á val á leikjum, einnig fjölda í liðum og liðskipan, – þekkir eigin getu og finnur hreyfingu við hæfi, – kemur fram við aðra af virðingu fyrir manngildi hvers og eins,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – upplifir og ræðir mikilvægi hreyfingar, – velur tæki og tól sem henta hverju sinni, – öðlast þekkingu á mikilvægi hreyfingar,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – eflir skilning sinn á mikilvægi heilbrigðs lífens og hreyfingar, – velur hreyfingu við hæfi og nýtur ánægju af, – nýttir hreyfingu til að auka lífsgæði og vellíðan,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – býr til æfingarplan sem hæfir getu, – upplifir fjölbreytileika skólaíþróttanna og skapar eigin stil.

Upplýsinga- og tæknimennt

Með eflingu upplýsinga- og miðlalæsis nemenda er þeim hjálpað til að öðlast tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin snýr að getu þeirra til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir. Í tæknilæsi nýta nemendur tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni. Upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt. Miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Út frá þessum þáttum verða nemendur læsir á texta, myndir og töluleg gögn og ná góðri færni í fingrasetningu. Undir upplýsinga- og tæknimennt heyrir m.a. miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Upplýsinga- og miðlalæsi snýst um hvaða upplýsingar þarf að nálgast og nota, leita að og meta með áreiðanleika í huga. Huga þarf að því hvernig nálgast á og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Nemendur öðlast hæfni í að tileinka sér færni í að umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. Mikilvægt er að nemendur skilji, að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli, sem þeir efla alla ævi, bæði í námi og starfi.

Grunnpættir menntunar í upplýsinga- og tæknimennt	
Grunnpáttur	Áherslupættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga og byggir upp jákvætt viðhorf, – sýnir rétt vinnubrögð og beitir réttum vinnustellingum, – skipuleggur og útskýrir vinnu sína og er virkur,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – nýtir upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt á eigin forsendum, – fer eftir reglum um ábyrga netnotkun og nýtir netsamfélagið, – tekur tillit til skoðana annarra og kemur á mótis við þá í vali hópaverkefna,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri á velja verkefni við hæfi og nýtir það með því að hafa áhrif á framvindu þess og útkomu, – vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og tekur ábyrgð, – vegur og metur upplýsingar á gagnrýninn hátt, – temur sér siðfræðileg gildi varðandi notkun veraldarvefsins, – aflar upplýsinga/heimilda á veraldarvefnum og sýnir ábyrgð í meðferð þeirra,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – les og aflar upplýsinga um notkunarmöguleika hugbúnaðar, – velur og nýtir hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem verið er að vinna, – tekur afstöðu og rökstyður val á hugbúnaði við verkefnavinnu, – tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – notar handbók sér til hjálpar við verkefnavinnu, – gerir sér grein fyrir að upplýsinga- og tæknimennt er ferli sem hann kemur til með að efla alla ævi í lífi og starfi,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – nýtir tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt, – virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leikur sér með möguleikana og sýnir nokkrar útfærslur, – fær að sýna og nýta hæfileikana og skapað afurð, – vinnur samþætt verkefni milli námsgreina og fær stærra val um útfærslu.

Námsáætlanir


8. bekkur	bls. 22
Danska	bls. 23
Enska	bls. 24
Heimilisfræði	bls. 27
Hönnun í fjölbreyttan efnivið	bls. 28
Hönnun og smíði	bls. 29
Íslenska	bls. 30
Íþróttir	bls. 31
Leiklist/Tónmennt	bls. 32
Mynd- og hjóðvinnsla	bls. 32
Myndlist	bls. 33
Náttúrugreinar	bls. 34
Samfélagsgreinar - Landfræði	bls. 35
Samfélagsgreinar - Saga	bls. 36
Samfélagsgreinar – Trúarbragðafræði	bls. 37
Stærðfræði	bls. 39
Sund	bls. 41
Textilmennt	bls. 42
Tölvur og heimildir	bls. 43

9. bekkur	bls. 44
Danska	bls. 45
Enska	bls. 46
Íslenska	bls. 49
Íþróttir	bls. 50
Náttúrugreinar	bls. 51
Samfélagsgreinar – Landfræði	bls. 52
Samfélagsgreinar - Saga	bls. 53
Stærðfræði	bls. 54
Sund	bls. 55

10. bekkur	bls. 56
Danska	bls. 57
Enska	bls. 58
Íslenska	bls. 61
Íþróttir	bls. 63
Náms- og starfsfræðsla	bls. 64
Náttúrugreinar	bls. 65
Samfélagsgreinar – Þjóðfélagsfræði	bls. 66
Stærðfræði	bls. 68
Sund	bls. 70

Námsáætlanir

8. bekkur



Danska				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 8. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Matsviðmið
<ul style="list-style-type: none"> – Lesskilningur. – Ritun. – Hlustun. – Frásögn. – Samskipti. 	<ul style="list-style-type: none"> – Kennslubækur. – Smásögur. – Hlustunaræfingar. – Verkefni frá kennara. – Margmiðlun. 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum, – Lesið sér til gagns stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs og áhugamála, – Skrifað texta um efni sem hann hefur þekkingu á, – notað orðaforða og einfalda málnotkun tengda námsefni í ritun, – hlustað á daglegt mál og unnið úr því, – talað og skilið daglegt mál um málefni tengdum orðaforða í kennsluefni og haldið uppi einföldum samræðum, – notað réttar áherslur og framburð, – þekkt danska siði og venjur í gegnum texta eða söngva, – flutt einfalda frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðlaust, – unnið sjálfstætt eða í hópi, – nýtt sér ítarefni, orðabækur, veforðasöfn og tungumálaforrit. 	<ul style="list-style-type: none"> – Bein kennsla. – Innlagnir. – Munnleg tjáning. – Hópverkefni. – Þemaverkefni. – Hlustunaræfingar. – Sjálfstæð vinnubrögð. – Ritun. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Enska				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 8. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Matsviðmið
<ul style="list-style-type: none"> – Hlustun. – Lesskilningur. – Talað mál. – Ritun. – Málfræði og málnotkun. 	<ul style="list-style-type: none"> – Kennslubækur. – Hraðlestrarbækur. – Verkefni frá kennara. – Orðabækur. – Myndmiðlar. – Veraldarvefurinn. 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum, – skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega, – skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti, – fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt, – hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum, – lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum, – skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra, – fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu, – lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög, – sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd 	<ul style="list-style-type: none"> – Bein kennsla. – Innlagnir. – Utanbókarlærdómur. – Munnleg tjáning. – Hópverkefni. – Hlustunaræfingar. – Sjálfstæð vinnubrögð. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

